

**Mættir þann 22. 8. '08. kl. 17:12, Pálína, Jón Þorsteinn, Sindri og Davíð.**

## **1. Fundur settur og fundargerðir lagðar fram til samþykktar**

Samþykkt var að fresta samþykkt fyrri fundargerða.

## **2. Lifandi bókasafn**

Rætt almennt um verkefnið

Tillaga lögð fram um að Agnar og verkefnisstjóri verkefnisins skrifa skýrslu um verkefnið → *tillagan var samþykkt og mun JP beina þessu til Agnars.*

Lifandi bókasafn: Velt var upp spurningu hvort að "Lifandi bókasafn" ætti yfir höfuð að heyra undir LÆF. Stjórnin taldi að verkefnið ætti að heyra undir LÆF og að frekar ætti að reyna að efla þátttöku aðildarfélaganna í verkefninu. Hugmynd vaknaði um að opna jafnvel bókasafn á Þorláksmessu.

## **3. Æskulýðsgáttin rædd**

JP tilkynnir að greinar hafi birst í Fréttablaðinu og í Morgunblaðinu

Stjórnin mælist til þess að myndböndin á vefsíðunni þurfi að uppfæra reglulega og að ekki sé þörf á einhverskonar vídeó "archive" nema um vídeó frá sérstökum LÆF atburðum sé að ræða.

Lykilorðið á vefsvæðið var deilt út til stjórnarmanna.

Athugasemd var lögð fram um að www.youth.is síðan væri ennþá virk. JP hefurbeðið Agnar um að ganga frá áframsendingu á þeirri síðu yfir á æska.is póstlistinn er ekki enn orðinn fullvirkur, þegar póstur er sendur úr póstlistanum virðist hann koma frá Moya, en þessu á að breyta í LÆF. Þá er stefnt að því að skrá öll aðildarfélög á póstlistann

*JP hefur umsjón með að ganga frá ofangreindum atriðum í samvinnu við Agnar.*

## **4. Starfslok framkvæmdastjóra LÆF**

Agnar hefur óskað eftir því að ljúka störfum fljótlega vegna annarra starfsanna. Hann óskar þó enn eftir því að koma áfram að LÆF að einhverju leyti og aðstoða að koma nýjum framkvæmdastjóra inn í þetta starf.

### - Tillaga um ráðningu nýs framkvæmdastjóra

JP bar fram tillögu um að ráða inn framkvæmdastjóra í 50% stöðu, halda Agnari inn í 10-20% stöðu í 2-3 mánuði.

*Samþykkt var að ráða inn framkvæmdastjóra í 50% stöðu, en að bjóða Agnari 15% stöðu í einn mánuð í stað 10-20% stöðu í 2-3 mánuði.*

### - Tillaga um starfandi formann LÆF

Önnur tillaga kom fram um starfandi formann LÆF. – *hafnað.*

### - Auglýsing á starfi framkvæmdastjóra

Stjórnin ákvað að starf framkvæmdastjóra skyldi auglýst laust til umsóknar.

Umsóknarfrestur verður til n.k. miðvikudags, ef að enginn umsækjandi skilar inn

umsókn hefur JP umboð til þess að ráða framkvæmdastjóra Hildi Tryggvadóttur Flóvenz, sem nú þegar hefur lagt inn umsókn til starfsins.

## 5. Starfsemi LÆF og hlutverk framkvæmdastjórnar

Stjórnarmenn eru hvattir til að taka virkan þátt

-Getur framkvæmdastjóri aukið við upplýsingaflæði.

Framkvæmdastjóri mætti hringja oftar í einstaka stjórnarmenn og "bögga" þá.

-Varð.:verkefnanefndir LÆF

Eðlilegt að stofna verkefnanefndir innan LÆF til að sinna framkvæmd og skipulagningu verkefna.

Verkefnanefnd væri skipuð framkvæmdastjóra, og stjórnarmeðlim og svo aðilum sem komi að verkefninu, þá verði ætíð nokkurra manna nefnd sem er skipuð til þess að skipuleggja og framkvæma verkefni hverju sinni.

Óskrifuð regla að stjórnarmeðlimir sitji í verkefnanefndum og að framkvæmdastjóri fylgi vel eftir verkefnunum

## 6. Umsóknir í æskulýðssjóð

- Ræddum það á síðasta fundi að sækja um í æskulýðssjóð fyrir vefumsjón æskulýðsgáttarinnar. Eðlilegt að setja saman verkefni og nefnd í kringum það, og sækja jafnvel um fyrir starfsmanni til að sinna æskulýðsgáttinni. → ein klausan í sjóðnum er að efla upplýsingaflæði og æskulýðsvettvanginn og er æskulýðsgáttin tilvalið verkefni til að uppfylla það markmið.  
→ Agnar ætlar að sjá um þetta.
- Sækja um fyrir Lífandi bókasafni, á þeim forsendum að þetta er ekki sama verkefni og í fyrra. Agnar mun sjá um þetta
- Bjóða upp á þjálfun/námskeið/ráðstefnur í vetur, og sækja um styrk fyrir þau í vetur.
- Leggja upp með ímyndarbætingu hjá Menntamálaráðuneytinu.

## 7. Umsókn til fjárlaganefndar Alþingis fyrir árið 2009

Hugmyndin að leggja til við fjárlaganefnd að hugmynd um innri vef æskulýðsgáttarinnar.

Stjórnin veri dugleg að lobbía fyrir fundinum með fjárlaganefnd.

Framkvæmdastjóri mun halda utan um fjárlaganefndar verkefnið og hiki ekki við að pikka í stjórnarmenn og njóta samstarfs við Þekkingu þegar kemur að hugmyndum um innri vefinn.

Agnar mun sjá um að setja upp aðgerðaráætlun /verkefnaáætlun til að auðvelda og sendi á stjórnarmenn

Almennt um aðgerðaráætlun, eðlilegt er að framkvæmdastjórnin búi til verklag um fjárlagaumsókn, þannig að slíkt verklag sé til fyrir komandi stjórnir.

## 8. Þing Unga fólksins (PUF)

Stjórnmalahreyfingarnar sinna þessu ásamt SUS. JP er með hugmynd um að verkefnateymi verði skipað framkvæmdastjóra og einhverjum einum úr stjórn og fulltrúum stjórnmalahreyfinganna. JP er tilbúinn að sinna þessu verkefni fyrir hönd stjórnar, JP ræðir við Höskuld, fyrrverandi framkvæmdastjóra um að taka þátt í þingi unga fólksins. → *Þing Ungafólksins sett af stað JP ábyrgur f.h. stjórnar*

## 9. SAMFÉS málefni

JP talaði við formann SAMFÉS í sumar, JP útskýrði tilörd bréfsins í sumar og SAMFÉS hafði misskilið það. Þau ætluðu að senda bréf, sem samið verður af stjórn SAMFÉS, það bréf hefur ekki borist.

Agnar og JP munu senda á umboðsmann Alþingis beiðni um upplýsingar um stöðuna á SAMFÉS málefnum

## 10. Fundir með Aðildafélögum

Agnar er búinn að hitta um 10 aðildafélög og hefur útskýrt æskulýðsgáttina o.þ.h. Eðlilegt að nýr framkvæmdastjóri byrji aftur frá reit 1.

## 11. Verkefni vetrarins

-Námskeið fyrir aðildafélög:

Námskeið fyrir aðildafélög, sækja um námskeið fyrir áramót → ræða á næsta fundi betur. → ráðstefnur möguleiki. Gjaldkeranámskeið í lok nóvember undir stjórn Pálínu, verður skoðað betur seinna.

Fulltrúaráðsfundur:

Fulltrúaráðsfundur (Verkefnaráð), fulltrúaráðsfundur verði haldinn í nóvember eða janúar, setja á dagskrá.

## 12. Bréf og önnur skjöl sem borist hafa og þarfnast afgreiðslu

JP tilkynnir um að þakkarbréf hafi borist frá Reykjavíkurborg vegna þátttöku LÆF í Menningarnótt

## 13. Önnur mál:

- Hringt í JP frá ASÍ, verið er að bjóða LÆF aðild að ráðstefnu ASÍ í október, þar sem við getum verið með kynningarbás á okkar starfsemi og við bjóðum öllum aðildafélögum að vera þarna. Meginástæðan er að tengjast unga fólkinu og hvað það vill sjá verkalýðsfélög geri.  
→ *Stjórnin samþykkir að nýta sér þetta tækifæri*
- JP ætlar að láta gera fána með merki LÆF og 1-2 borðfána.
- Hönnunarmál og útlitsmál síðunnar verði gerð að umræðuefni á næsta fundi!
- Næsti fundur í kringum 17. september 2008 kl 19-21 í Hinu húsinu, formlegt fundarboð verði sent út síðar
- European Youth week (2.-7. nóvember) enginn búinn að sækja um, spurning hvaða aðilar fara frá LÆF. Þjú pláss eru laus. Eins og staðan er núna, þá er annaðhvort spurning um að hringja eftir þessu eða að einn úr stjórn og framkvæmdastjóri myndu fara ásamt einum í viðbót. Væntanlega fer Pálína ásamt nýjum framkvæmdastjóra og Ólöfu sem sýnt hefur áhuga.
- Rætt um greinarskrif Agnars á SUF.
  - Nauðsyn er á verklagsreglum varðandi opinber/pólítísk mál.*
  - Davíð tekur að sér að semja uppkast að slíkum verklagsreglum*

**Fundi slitið kl 18:50**